

Borgarráð

Re-Inventing Cities - Samkeppni um Grænar Þróunarlóðir - Staða verkefnis og tillaga að næstu skrefum.

Hjálögð drög að erindisbréfi matsnefndar um innsendar tillögur í alþjóðlegu samkeppninni Re-inventing cities eru lögð fram til kynningar. Hlutverk matsnefndar er að meta umsóknir í alþjóðlegu samkeppninni Re-inventing Cities.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 9. nóvember 2017 var samþykkt tillaga borgarstjóra þess efnis að Reykjavíkurborg óski eftir því að taka þátt í verkefninu Reinventing Cities á vegum C40 og leggi fram þrjár lóðir þar sem kallað verði eftir framúrskarandi uppbyggingarverkefnum, bæði frá sjónarmiði borgarþróunar og loftslags- og umhverfismála. Umræddar lóðir eru við Frakkstíg/Skúlagötu, á Ártúnshöfða og við Lágmúla 2/Suðurlandsbraut. Í kjölfarið var haldin kynningarfundur um verkefnið í fyrri hluta mars og viðkomandi þróunarlóðir auglýstar á heimasíðu C40. Um er að ræða tveggja þrepa samkeppni þar sem aðilar leggja í fyrsta fasa fram grófari hugmyndir að mögulegri útfærslu bygginga á reitnum ásamt upplýsingum um bakgrunn teymis. Reglur samkeppninnar eru að stóru leyti tilkomnar frá C40 en heimaborgir hafa innan þeirra ákveðinn sveigjanleika til þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna á hverjum stað. Umsóknarfrestur rann út í lok maí og komu á annan tug umsókna um reitina þrjá. Á þessu stigi þarf í samráði við fulltrúa C40 að meta umsóknirnar og velja úr þessum hópi tvo til þrjá aðila sem munu fullvinna tillögu fyrir hvern reit fyrir sig. Í þeirri tillögu verður tillaga að skipulagi og útliti bygginga á reitnum ásamt tillögu að kaupverði og gögn sem staðfesta getu aðilans til þess að fjármagna verkefnið. Gert er ráð fyrir að sigurtillagan á hverjum reit fái í kjölfarið úthlutaðri viðkomandi lóð til þess að byggja umrætt verkefni.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir e.u.

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi matsnefndar um innsendar tillögur í alþjóðlegu samkeppninni Re-inventing cities

ERINDISBRÉF

Matsnefnd um innsendar tillögur í alþjóðlegu samkeppninni Re-inventing cities

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Á fundi borgarráðs þann 9. nóvember 2017 var samþykkt tillaga borgarstjóra þess efnis að Reykjavíkurborg óski eftir því að taka þátt í verkefninu Reinventing Cities á vegum C40 og leggi fram þrjár lóðir þar sem kallað verði eftir framúrskarandi uppbyggingarverkefnum, bæði frá sjónarmiði borgarþróunar og loftslags- og umhverfismála. Umræddar lóðir eru við Frakkstíg/Skúlagötu, á Ártúnshöfða og við Lágmúla 2/Suðurlandsbraut. Í kjölfarið var haldin kynningarfundur um verkefnið í fyrri hluta mars og viðkomandi þróunarlóðir auglýstar á heimasíðu C40. Um er að ræða tveggja þrepa samkeppni þar sem aðilar leggja í fyrsta fasa fram grófari hugmyndir að mögulegri útfærslu bygginga á reitnum ásamt upplýsingum um bakgrunn teymis. Umsóknarfrestur rann út í lok maí og komu á annan tug umsókna um reitina þrjá.

Hlutverk:

Hlutverk matsnefndar er að meta umsóknirnar í samráði við fulltrúa C40 og velja úr þessum hópi tvo til þrjá aðila sem munu fullvinna tillögu fyrir hvern reit fyrir sig. Í þeirri tillögu verður tillaga að skipulagi og útliti bygginga á reitnum ásamt tillögu að kaupverði og gögn sem staðfesta getu aðilans til þess að fjármagna verkefnið. Gert er ráð fyrir að sigurtillagan á hverjum reit fái í kjölfarið úthlutaðri viðkomandi lóð til þess að byggja umrætt verkefni.

Starfshópin skipa:

Óli Örn Eiríksson, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (formaður).

Hrönn Hrafnadóttir, umhverfis- og skipulagssviði.

Fulltrúi skipulagsfulltrúa.

Starfsmaður:

Edda Ívarsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Sérfræðingar á viðeigandi fagsviðum verði matsnefndinni til aðstoðar og samráð haft við fulltrúa C40.

Starfstímabil:

Matsnefnd geri tillögu um sigurtillögur fyrir fyrir lok janúar 2019.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson